

Menningar- og ferðamálaráð

Ár 2017, mánudaginn 23. október, var haldinn 291. fundur menningar- og ferðamálaráðs. Fundurinn var haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 13.32. Viðstödd: Elsa Hrafnhildur Yeoman, Þórgnýr Thoroddsen, Margrét Norðdahl, Stefán Benediktsson, Marta Guðjónsdóttir og Þorgerður Agla Magnúsdóttir. Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina: Jóna Björg Sætran. Áheyrnarfulltrúi BÍL: Kolbrún Halldórsdóttir og Jóna Hlíf Halldórsdóttir. Af hálfu starfsmanna: Arna Schram, Signý Pálsdóttir, Huld Ingimarsdóttir og Inga María Leifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram svar skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs, dags. 23. október 2017 við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um starfshóp um Grásleppuskúrana sbr. 8. lið fundargerðar menningar- og ferðamálaráðs frá 25. september 2017. RMF17080007

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Starfshópur um varðveislu menningarminja við Grímstaðavör hefur ekki verið formlega lagður niður og hefur einungis skilað af sér áfangaskýrslu en ekki lokaskýrslu. Það verður að teljast óeðlileg stjórnsýsla að starfshópar gufi upp án nokkurra skýringa og þeir ljúki ekki því hlutverki sem þeim er ætlað. Mikil vinna hefur farið fram um varðveislu umræddra menningarminja og því mikilvægt að starfshópurinn fái að ljúka sínu hlutverki og skili skýrslu um störf sín með tillögum og hugmyndum um hvernig þessar menningarminjar verði best varðveittar.

2. Lögð fram drög að aðgerðaáætlun Menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2018. RMF17100007
Frestað.
- Kl. 13.44 tekur Börkur Gunnarsson sæti á fundinum.

3. Fram fer umræða um Menningarnótt 2017. RMF17010004

Menningar- og ferðamálaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Menningar- og ferðamálaráð þakkar fyrir glæsilega framkvæmd og utanumhald á Menningarnótt 2017. Sem fyrir var dagskráin metnaðarfull og spennandi og ekki sakaði stórfint veður.

Áshildur Bragadóttir, forstöðumaður Höfuðborgarstofu, og Guðmundur Birgir Halldórsson, verkefnastjóri viðburða hjá Höfuðborgarstofu, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 12. október 2017, sbr. samþykkt borgarráðs sama dag, á viðbótar framlagi við fjárhagsramma menningar- og ferðamálasviðs vegna greiðslu til listamanna. Einnig er lögð fram tillaga og greinargerð borgarstjóra dags. 10. október 2017, ásamt fylgigögnum. RMF15110010
5. Fram fer kynning á afgreiðslu borgarráðs á tillögu borgarstjóra, dags. 10. október 2017, sem samþykkt var í borgarráði þann 12. október 2017 um samninga vegna dansverkstæðis á Hjarðarhaga. RMF17060007
- Kl. 15.10 vikur Jóna Hlíf Halldórsdóttir af fundinum.

6. Lagt fram yfirlit yfir innkomnar umsóknir um styrki úr borgarsjóði til menningarmála 2018 og yfirlit yfir fjármuni til ráðstöfunar. Trúnaðarmál þar til úthlutun styrkja hefur verið gerð opinber og fjárhagsáætlun samþykkt. RMF17080004

- Kl. 15.22 vikur Arna Schram af fundinum.
- 7. Lögð fram tillaga um að stjórn Vetrarhátíðar 2018 skipi Guðmundur Birgir Halldórsson formaður, viðburðarstjóri MOF, Sigrún Sirra Sigurðardóttir, fulltrúi Listasafns Reykjavíkur, Ágústa Rós Árnadóttir, fulltrúi Borgarsögusafns Reykjavíkur, Guðrún Dis Jónatansdóttir, fulltrúi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Gerður Sveinsdóttir, fulltrúi ÍTR, Ólöf Breiðfjörð, fulltrúi Kópavogs og Andri Omarsson, fulltrúi Hafnarfjarðar. RMF17100004 Samþykkt.
- Kl. 15.35 vikur Stefán Benediktsson af fundinum.
- 8. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Hlemmur var áður fyrir áningarstaður fyrir hestalestir áður en haldið var úr bænum. Reykjavíkurborg stóð fyrir því, á sjötta áratug 20. aldar, að gerð var höggmynd eftir Sigurjón Ólafsson, Klyfjahesturinn, sem upphaflega átti að vera á Hlemmi. Ekki varð úr því og hún sett niður milli Suðurlandsbrautar og Miklubrautar. Nú er hins vegar búið að koma styttunni fyrir á Hlemmi þar sem upphaflega stóð til að hún yrði. Hins vegar hefur vatnsprónni, sem hafði það hlutverk, að brynna hestunum ekki verið endurgerð og komið upp eins og upphaflega stóð til. Það færi vel á því að endurgera vatnspróna og koma henni fyrir þar sem hún stóð en þannig myndum við undirstrika enn frekar sögulegt gildi staðarins að Hlemmur hafi verið helsti áningarstaður hestamanna á leið úr bænum. Lagt er til að Borgarsögusafni og umhverfis- og skipulagssviði verði falið að útfæra hugmyndina.

Frestað.

Fundið slitið kl. 15.48

Elsa Hrafnhildur Yeoman

Þórgnýr Thoroddsen
Marta Guðjónsdóttir
Þorgerður Agla Magnúsdóttir

Margrét Norðdahl
Börkur Gunnarsson